

Nd.

77. Nefndarálit

um frumvarp til laga um framlenging á gildi laga 3. ágúst 1914, um ráðstafanir á gullforða Íslandsbanka o. s. frv.

Á síðasta þingi, er Evrópustyrjöldin var hafin, samþykki Alþingi lög þessi, er stjórnin leggur nú til að framlengd verði.

Af því öldungis stendur nú á eins og þá, og að engar horfur eru á, að styrjöldinni linni í bráð, fellst nefndin á, að lög þessi verði framlengd til öryggis Íslands banka, sparisjóðum landsins, og landsjóði.

En nefndinni þykir rjett, að lög þessi gildi til einhvers ákveðins tíma, og með því ekki er ólíklegt, að Evrópustyrjöldin geti staðið yfir all-lengi enn þá, jafnvel næstu 2 árin, leggur nefndin til að lögin verði látin gilda til þingloka næsta reglulegs Alþingis, nema Alþingi geri áður aðra ráðstöfun.

Með því ákveðið er í lögum nr. 11, 3. ágúst 1914 1. gr., að skila skuli Íslandsbanka gullforðanum er seðlar hans verða gerðir innleysanlegir, þykir nefndinni ekki ástæða til að endurtaka ákvæði um það í þessu frumvarpi, eins og stjórnarfrumvarpið gerir.

Nefndin leggur því til, að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi breytingu:

BREYTINGARTILLAGA:

Fyrir orðin í 1. grein: »fyrst um sinn« til enda greinarinnar, komi: til loka næsta reglulegs þings, nema löggjafarvaldið geri aðra ráðstöfun fyr.

Neðri deild Alþingis, 22. júlí 1915.

Hjörtur Snorrason,
formaður.

Björn Kristjánsson,
skrifari.

Sigurður Gunnarsson.

H. Hafstein.

Jón Magnússon.

Þorleifur Jónsson.

Jón Jónsson.